



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélag KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 24. mars 2020

Breytingar á reglugerð KSÍ um mannvirkjasjóð KSÍ

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 19. mars sl., samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um mannvirkjasjóð KSÍ.

Breytingartillögur á reglugerð KSÍ um mannvirkjasjóð KSÍ, sem samþykktar voru af stjórn, voru unnar af mannvirkjanefnd annars vegar og laga- og leikreglanefnd hins vegar. Um er að ræða heildarbreytingar, m.a. á heiti reglugerðarinnar. Vakin er sérstök athygli á því að umsókn um styrk úr mannvirkjasjóði KSÍ skal berast framkvæmdastjóra KSÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

REGLUGERÐ KSÍ um úthlutun styrkja úr mannvirkjasjóði KSÍ fyrir árin 2020-2023

1. gr.

Markmið og tilgangur

- 1.1. **Reglur þessar eru settar af stjórn KSÍ um úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ.** Mannvirkjasjóði KSÍ er ætlað að styðja við nýframkvæmdir, **endurbætur** og skilgreind viðhaldsverkefni knattspyrnumannvirkja á Íslandi á ~~árinu 2019~~ árunum 2020-2023, til að skapa iðkendum, áhorfendum, **starfsfólki** og stjórnendum sem besta aðstöðu.
- 1.2. **Stjórn KSÍ ákveður árlegt framlag til mannvirkjasjóðs KSÍ og fer um styrkveitingar til aðildarféлага eftir reglum þessum.** Styrkveitingar taka mið af fjárhagsáætlun KSÍ hvert almanaksár sem samþykkt hefur verið á ársþingi KSÍ. Mannvirkjanefnd KSÍ er stjórn KSÍ til ráðgjafar um úthlutun styrkja. ~~framlag í sjóðinn fyrir það tímabil sem reglugerð þessi tilgreinir er að fjárhæð 50 m.kr.~~

2. gr.

Styrkir

- 2.1. ~~Mannvirkjasjóður KSÍ~~ Styrkir til nýframkvæmda**ir** og skilgreindra viðhaldsverkefna**i** sem aðildarfélag KSÍ bera ábyrgð á **og fjármagna að hluta eða fullu skulu** ~~og~~ afmarkast ~~framkvæmdirnar~~ við eftirfarandi:
 - a. Framkvæmdir á keppnisvöllum í samræmi við kröfur reglugerðar KSÍ um knattspyrnuleikvanga.
 - b. Framkvæmdir á æfingasvæðum samkvæmt framkvæmdasamningum knattspyrnufélaga við bæjarfélög eða stuðningsaðila.
 - c. Byggingu knatthúsa í eigu knattspyrnufélaga, dótturfélaga þeirra eða á grundvelli framkvæmdasamninga knattspyrnufélaga við bæjarfélög eða stuðningsaðila.
 - d. Rannsóknir og verkefni viðurkenndra aðila sem tengd eru uppbyggingu leikvalla og/eða íþróttamannvirkja.
 - e. Viðhaldsverkefni sem eru til þess fallin að skapa sem bestar aðstæður á knattspyrnuvellingum sjálfum, s.s. endurnýjun gervigrass, **og eru til þess að uppfylla ákvæði leyfiskerfis.**

- 2.2. Styrkir eru ~~ekki~~ veittir til kaupa á tækjabúnaði s.s. vökvunarkerfi og markatöflur sé það sannarlega kostnaður sem til fellur á aðildarfélagið. Einnig eru varamannaskýli styrkhæf. Styrkir eru hvorki veittir til leigu á mannvirkjum eða búnaði, né til almennra viðhaldsverkefna.
- 2.3. Miðað skal við eftirfarandi skilyrði við styrkveitingu úr mannvirkjasjóði KSÍ:
Skilyrði 1: Framkvæmdakostnaður allt að 50 m.kr., 20-30% hlutfall sem þýðir hámarksstyrkur 10-15 m.kr.
Skilyrði 2: Framkvæmdakostnaður allt að 150 m.kr., 10-20% hlutfall en hámarksstyrkur 10 m.kr.
Skilyrði 3: Framkvæmdakostnaður yfir 150 m.kr., að hámarki 5% hlutfall en hámarksstyrkur 7,5 m.kr.
- Heimilt er að víkja frá ~~efangreindum~~ skilyrðum nr. 2 og nr. 3 við styrkveitingu ef framkvæmdin er til þess fallin að hafa verulega þýðingu og skapa gjörbreyttar aðstæður til knattspyrnuíðkunar.
- 2.4. Framkvæmd sem sótt er um styrk til skal vera að lágmarki fjárhæð 1,5 mkr. Greiðslum úr mannvirkjasjóði vegna framkvæmda má dreifa á tvö almanaksár.
- 2.5. Heimilt er að sækja tvívegis um styrk fyrir hvert einstakt verkefni ef fyrri styrkveiting úr mannvirkjasjóði nægir ekki til að loka kostnaðarþætti verksins, og styrktarfjárhæð er innan hámarksfjárhæða, skv. reglugerðinni. Síðari umsóknin verður að berast á næsta ári eftir að verkefnið fær fyrst samþykktan styrk úr sjóðnum og framkvæmdum hefur lokið á því ári.
- 2.6. Við úthlutun styrkja skal sérstaklega tekið mið af stöðu umsækjanda gagnvart leyfiskerfi KSÍ og skulu umsóknir sem miða að því að uppfylla ákvæði leyfiskerfis KSÍ njóta forgangs við úthlutun úr sjóðnum. Aðeins aðildarfélög KSÍ geta sótt um styrk vegna verkefna sem þau bera ábyrgð á.

3. gr.

Umsókn

- 3.1. Umsókn um styrk úr Mannvirkjasjóði KSÍ skal berast framkvæmdastjóra KSÍ fyrir ~~20. mars~~ 15. apríl ár hvert. Umsóknir skulu vera ítarlegar og vel unnar ~~á stöðluðu eyðublaði skv. umsóknarblaði~~ KSÍ og henni þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:
- Lýsing á fyrirhugðum framkvæmdum og tilgangi þeirra.
 - Verk- og tímaáætlun.
 - Sundurliðuð kostnaðaráætlun og teikningar. Gerð er krafa um að sundurliðun kostnaðaráætlunar sé skýr svo hægt sé að taka afstöðu til einstakra verkþátta. Heimilt er að hafna einstökum verkþáttum innan áætlunar.
 - Staðfesting á fjármögnun aðildarfélagsins.
 - Staðfesting viðkomandi sveitarstjórnar eða eiganda mannvirkis á framkvæmdunum og skuldbindingum þess vegna framkvæmdanna samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og samkomulagi sveitarstjórnar og viðkomandi aðildarfélags.
 - Önnur gögn sem KSÍ óskar eftir.
- 3.2. Sendi félag ekki nauðsynleg fylgiskjöl skal því gefinn 14 daga frestur til að bæta úr, en hafi nauðsynlegum gögnum ekki verið skilað innan þeirra tímamarka skal hafna umsókn.
- 3.3. Framkvæmdastjóri KSÍ og mannvirkjanefnd KSÍ yfirfara innsendar umsóknir og gera tillögu til stjórnar um úthlutun úr sjóðnum. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið tillit til núverandi stöðu knattspyrnumannvirkja og aðstöðu, og þarfa félags vegna þátttöku í Íslandsmóti og vegna leyfiskerfis KSÍ.
- 3.4. Við mat á umsóknum verður stuðst við skorkort mannvirkjanefndar, sbr. viðauki A við reglur þessar, þar sem grunnþáttum í forsendum úthlutunar verður gefið vægi. Skorkort þetta, sem unnið er af mannvirkjanefnd KSÍ hverju sinni, er til grundvallar mats verður vinnuskjal við mat á umsóknum og ætlað að raða umsóknum skilar flokkun umsókna eftir mikilvægi.

4. gr.

Greiðslur úr sjóðnum

- 4.1. Styrkur úr Mannvirkjasjóði KSÍ er að jafnaði greiddur út í heild sinni að loknum framkvæmdum viðkomandi verkefnis, en heimilt er að greiða út styrkinn í fleiri greiðslum ef ástæða þykir til og fyrir liggur samþykkt stjórnar KSÍ.

- 4.2. Umsækjandi skal leita eftir álitum mannvirkjanefndar KSÍ, svo sem vegna endurnýjunar á leikvelli (gras yfir í gervigras eða endurnýjun gervigrass) áður en framkvæmdir hefjast. Í þeim tilvikum sem framkvæmd er unnin án þess að vera til þess fallin að uppfylla ákvæði reglna/leyfiskerfa KSÍ þá fellur styrktarheimild niður.
- 4.3. Áður en styrkur er greiddur út skal framkvæmdastjóra KSÍ hafa borist staðfest kostnaðaruppgjör framkvæmdanna af skoðunarmanni/endurskoðanda aðildarfélags. Einnig skal fylgja viðeigandi sundurliðun og úttekt byggingarfulltrúa um lok framkvæmda ef framkvæmdin er leyfis skyld. Fjárhæð styrkveitingar skal miðast við fjárhæð ~~án virðisaukaskatts~~ að frádreginni endurgreiðslu hluta mannvirkjakostnaðar ef slík endurgreiðsla ~~á virðisaukaskatti~~ er í boði fyrir umrædda framkvæmd.

5. gr. Brotfall styrks. Frestun.

- 5.1. Vilyrði stjórnar KSÍ um ~~fyrir~~ styrk úr mannvirkjasjóði KSÍ fellur niður ef framkvæmdir aðildarfélags hefjast ekki á því almanaksári sem vilyrðið fyrir styrk er veitt.
- 5.2. Hafi stjórn KSÍ veitt vilyrði fyrir styrk úr mannvirkjasjóði KSÍ ~~verið veitt~~, en aðildarfélag sér fram á að framkvæmdir muni ekki hefjast á því almanaksári ~~sem vilyrði er veitt~~, er aðildarfélagi heimilt að óska eftir frestun á umsókn sinni um styrkveitingu. Frestur er háður mati stjórnar KSÍ sem getur framlengt vilyrði til styrkveitingar í allt að eitt ár. Hafi framkvæmdir ekki hafist innan þess frests sem veittur er ~~og er ekki veittur til lengri tíma en eins árs~~ fellur styrkveiting niður.
- 5.3. Ósk um frestun, sem þarf að vera skrifleg og rökstudd, þarf að berast framkvæmdastjóra KSÍ eigi síðar en einum mánuði fyrir lok þess almanaksárs sem fyrirhugaðar framkvæmdir áttu að hefjast.

6. gr. Birting styrkja.

- 6.1. KSÍ birtir árlega lista yfir styrki sem veittir hafa verið úr mannvirkjasjóði KSÍ.

Samantekt

Um er að ræða breytingar sem unnar voru af mannvirkjanefnd KSÍ. Breytingar þessar eru tilkomnar í fyrsta lagi þar sem nýtt fjögurra ára úthlutunartímabil er að hefjast sem tekur mið af úthlutunum frá UEFA til KSÍ. Þar ber helst að nefna þá fjárhæð sem er til úthlutunar á hverju ári. Í öðru lagi eru breytingar tilkomnar vegna yfirferðar mannvirkjanefndar á texta reglugerðar í kjölfar úthlutunar á árinu 2019 þegar byrjað var að styðjast við skorkort sjóðsins. Sú vinna vorið 2019 sýndi fram á að í ákveðnum þáttum þurfti að skýra frekar í reglugerð hvaða verk féllu undir reglugerðina sem og að hnykkja frekar á ýmsum skilyrðum.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.